Skýrsla stjórnar FÍR 2025

AÐALFUNDUR

17. apríl 2026

Efnisyfirlit

Stjórn og trúnaðarráð 2025 3
Stjórn
Meðstjórnendur
Trúnaðarráð
Skoðunarmenn reikninga félagsins fyrir árið 2025
100 ára afmælisár FÍR 4
Störf stjórnar og trúnaðarráðs 4
Fagfélögin (2F) 4
Kjaramál 5
RSÍ Eldri 6
Viðburðir 6
Tæknidagur fjölskyldunnar
Trúnaðarmannaráðstefnan
Global Power Trade Union
Gullmerki FÍR
Íslandsmót í rafvirkjun og Euroskills
1. maí kaffið
Jólaball RSÍ
Viðburðir á vegum Rafiðnaðarsambandsins
Lífeyrismál 7
Orlofsmál 7
Menntamál 8
Öryggisskóli iðnaðarins
Nemastofa atvinnulífsins
Sveinspróf
Framhaldið 9
Tölegar upplýsingar 10
Fjöldi félagsfólks FÍR eftir bæjarfélagi
Fjöldi félagsfólks FÍR eftir þjóðerni
Fjöldi félagsfólks FÍR eftir kyni

Stjórn og trúnaðarráð 2025

Stjórn

Formaður: Andri Reyr Haraldsson

Varaformaður: Guðmundur Ævar Guðmundsson

Ritari: Eiríkur Jónsson

Gjaldkeri: Helga Sigurbjörnsdóttir

Meðstjórnendur

Sigurður Freyr Kristinsson

Sigmundur Grétarsson

Maríanna Ragna Guðnadóttir

Trúnaðarráð

Adam Benedikt Burgess Finnson	ON
Andri Þór Arnarsson	N1
Aron Líndal Ágústsson	Lota
Borgþór Hjörvarsson	Hitatækni
Esther Gunnarsdóttir	Landsnet
Guðmundur Gunnarsson	Hitatækni
Hafliði Bjarki Magnússon	RARIK
Hafsteinn Hreiðarsson	Securitas
Jakob Þór Leifsson	Míla
Jóhanna Bárðardóttir	Rio Tinto
Jökull Harðarson	Eimskip
Katrín Ösp Guðjónsdóttir	DTE
Kristófer Dagur Sigurjónsson	Tengill
Steinar Bjarki Marinósson	Póllinn
Valgeir Valgeirsson	Rafal
Viðar Már Þorsteinsson	Míla
Þór Hinriksson	Nemi
Örvar Jóhannsson	Öryggismiðstöðin

Skoðunarmenn reikninga félagsins fyrir árið 2025

Reynir Sigurbjörnsson

Jón Bjarni Jónsson

100 ára afmælisár FÍR

Kæru félagar, það eru mikilvæg tímamót í sögu Félags íslenskra rafvirkja (FÍR) þar sem félagið verður 100 ára á árinu, nánar tiltekið 4. júní 2026.

Saga félagsins er merkileg fyrir margar sakir og eigum við margt af því sem hefur áunnist að þakka þeirri elju og staðfestu sem forverar okkar sýndu.

Félagið hefur vaxið og dafnað jafnt og þétt og stendur styrkum fótum í dag hvort sem um er að ræða fjárhagslega eða félagslega.

Á tímamótum sem þessum er mikilvægt að horfa til fortíðar og líta yfir farinn veg. Því hefur félagið ákveðið að gefið verði út veglegt afmælisrit fyrir afmælisdaginn sjálfan, 4. júní.

Félagið mun standa fyrir hinum ýmsu viðburðum í tilefni af afmælisárinu, lagt verður kapp á að halda sem fjölbreyttasta viðburði um allt land til þess að ná til sem flestra félaga. Vegleg kostnaðaráætlun var lögð fyrir síðasta aðalfund þar sem fundargestir hvöttu til að gert yrði en meira úr afmælinu frekar en að dregið yrði úr.

Dæmi um viðburði sem eru á dagskrá eru kvöldskemmtun í Austurbæjarbíói í maí, kvöldskemmtun og fjölskylduskemmtun á Ísafirði í lok maí og kaffiboð á afmælisdaginn 4. júní að Stórhöfða 31. Einnig eru fyrirhugaðir viðburðir á Akranesi, Sauðárkróki og Egilsstöðum.

Störf stjórnar og trúnaðarráðs

Stjórn og trúnaðarráð hafa fundað mjög reglulega um hin ýmsu málefni sem snúa að félaginu. Almennt fundar stjórn að lágmarki einu sinni í mánuði og oftar ef þurfa þykir. Trúnaðarráð er kallað til fundar að lágmarki 4-5 sinnum á ári en oftar ef þurfa þykir, t.d. þegar unnið er að kjarasamningum.

Félagið hefur verið mjög virkt á árinu 2025 og haldið ýmsa viðburði fyrir utan það sem er talið upp í þessari skýrslu. T.d. hafa verið haldin hádegisgrill og formaður farið í heimsóknir í fyrirtæki.

Einnig hafa kjarasamningar og sérkjarasamningar litað starf formanns FÍR töluvert þar sem RSÍ kláraði marga kjarasamninga árið 2025. Formaður FÍR hefur lagt mikla áherslu á að koma að vinnu við gerð allra kjarasamninga sem okkar félagsfólk vinnur eftir. Það er klárt að kjarasamningar eru kjarninn í okkar starfsemi og okkar skýra hlutverk í lögum.

Þegar þetta er ritað er búið að klára alla kjarasamninga sem snúa að okkar fólki.

Fagfélögin (2F)

Samstarf iðnfélaga undir merkjum 2F Fagfélaganna hefur gengið mjög vel og ýmislegt nýtt verið gert til þess að auka þjónustu við félagsfólk. T.d. gat félagsfólk á dögunum fengið aðstoð við gerð skattaskýrslu og mældist það mjög vel fyrir.

Það er okkar mat að þetta samstarf hafi skilað aukinni fagmennsku á flestum sviðum; félögin deila reynslu og þekkingu sín á milli sem skilar sér beint í betri þjónustu við félagsfólk. Þau mál sem koma á okkar borð eru kláruð hraðar og skila betri niðurstöðum.

Samvinnan í kjarasamningum skiptir einnig gífurlega miklu máli og höfum við komist að samningaborðinu hjá fleiri fyrirtækjum vegna stærðar heildarinnar.

Fagfélögin hafa einnig haldið sameiginleg trúnaðarmannanámskeið og námskeið um töku lífeyris svo dæmi séu tekin. Einnig var nýtt námskeið sett í gang á vegum Fagfélaganna þar sem félagsfólk gat lært að semja um launin sín, námskeiðið heitir “Viltu læra að semja um hærri laun”. Það er okkar mat að slíkt námskeið geti verið mikilvægt okkar fólki sem veit oft ekki hvernig það á að snúa sér þegar samið er um laun.

Fagfélögin færðu allar orlofseignir á höfuðborgarsvæðinu að Eirhöfða þar sem fjárfest var í blokk ásamt öðrum verkalýðsfélögum utan Fagfélaganna. Þessi vegferð mun skila töluverðri hagræðingu og einföldun fyrir okkur í þjónustu orlofseigna.

Einnig var farið í tilraunaverkefni að vera með íbúðir til langtímaleigu fyrir félagsfólk, en það má segja að það sé verkefni sem hefur oft verið rætt á félagsfundum FÍR.

Kjaramál

Á árinu 2025 voru allir kjarasamningar sem snúa að félagsfólki FÍR kláraðir og náðist mjög góður árangur í öllum sérkjarasamningum. Það var ekki átakalaus vegferð þó svo að ekki hafi nein deila endað með verkföllum. Þó var boðað til verkfalla í tveimur deilum og farið í kosningu um verkföll.

Staðan þegar þetta er skrifað er þó nokkuð óljós og umræða er um hvort forsenduákvæði almenna kjarasamningsins haldi. Spár gera ráð fyrir að verðbólga verði yfir markmiðum forsenduákvæða kjarasamnings og því gæti samningum verið sagt upp haustið 2026.

FÍR hefur þegar hafið undirbúning vegna þessa og við munum verða tilbúin ef svo fer að forsendur bresti. En mikilvægt er að tryggja samstarf við önnur félög til þess að okkar málefni komist að borðinu. FÍR er því í samstarfi við Fagfélögin og á í stöðugu samtali við önnur verkalýðsfélög sem hafa sambærilegar áherslur.

Það er ljóst að markmið síðasta kjarasamnings hafa ekki náðst. Verðbólga hefur verið viðvarandi, og þá helst vegna þess að stórfyrirtæki hafa ekki haldið aftur af verðskrárhækkunum. Einnig hafa sveitarfélög hækkað gjaldskrár langt umfram það sem eðlilegt getur talist, jafnvel höfum við séð hækkanir um og yfir 20% á sorphirðu, vatni, rafmagni og öðrum gjöldum.

Ríkið hefur skilað auðu og því er ekki mikil von um að einhver raunveruleg viðbrögð komi þaðan.

Seðlabankinn virðist einnig stuðla að hærri verðbólgu með ofurvöxtum sem hafa haft gríðarlega áhrif á hækkun húsnæðisverðs. Einnig hefur það leitt til þess að æ fleiri þurfa að leita í verðtryggð lán sem gerir það svo að verkum að hækkun vaxta virkar ekki. Hringavitleysa Seðlabankans virðist engan endi ætla að taka, sama aðferðin notuð aftur og aftur við sama vandamálinu og alltaf búist við annarri niðurstöðu.

Því er nokkuð ljóst að sú hugmynd úr síðustu kjarasamningum að allir leggist á eitt hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Þó hefur launaskrið á markaði gert það að verkum að stór hluti okkar hóps hefur náð að halda kaupmætti þá má ætla að þau sem verst standa hafi alls ekki haldið kaupmætti.

RSÍ Eldri

Starfsemi RSÍ Eldri hefur gengið frábærlega en þau standa meðal annars að mánaðarlegu kaffi fyrir eldri félagsfólk Fagfélaganna. Einnig hafa þau komið að skipulagningu eldri ferðar RSÍ ásamt fleiru, og hefur Sigmundur Grétarsson stjórnarmaður í FÍR starfað sem formaður þeirra frá byrjun en nánar verður hægt að lesa um það í skýrslu RSÍ.

Viðburðir

Tæknidagur fjölskyldunnar

Dagurinn var haldinn í Neskaupstað í apríl og sendi FÍR fulltrúa þangað sem stóðu fyrir kynningu á rafvirkjun og rafmagni. Tæknidagurinn er gríðarlega vinsæll viðburður fyrir austan og mun FÍR ekki láta sig vanta á þennan viðburð um ókomna tíð.

Trúnaðarmannaráðstefnan

Ráðstefnan var haldin í nóvember á Selfossi og var hún í annað skiptið haldin sameiginlega af Fagfélögunum, enda hefur fyrirkomulagið með sameiginlegar trúnaðarmannaráðstefnur mælst vel fyrir. Rætt var um kjaramál, stöðu trúnaðarmanna ásamt öðrum málefnum sem snúa að sameiginlegri baráttu þessara félaga. Almennt álit var að mjög vel hefði til tekist og er ætlunin að halda þessu fyrirkomulagi áfram.

Global Power Trade Union

Global Power Trade Union fundur var haldinn í Nýja-Sjálandi í nóvember og sendi FÍR tvo fulltrúa þangað. Þarna koma saman verkalýðsfélög rafvirkja frá öllum heimshornum til að læra hvert af öðru og styrkja samstarf milli landa. Þessi vettvangur er gríðarlega mikilvægur til að bera saman ýmis málefni milli landa, t.d. menntamál og réttindamál rafvirkja. Það var tekin umræða innan stjórnar FÍR hvort þetta ferðalag væri of langt og ekki forsvaranlegt, en niðurstaðan var að senda tvo fulltrúa þar sem félagar okkar frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi þurfa alltaf að ferðast þessa vegalend á alla fundi GPTU fyrir utan þau örfáu skipti sem fundir eru haldnir þar.

Gullmerki FÍR

Gullmerkjaafhendingar FÍR voru haldnar á Akureyri og Egilsstöðum. Það er klárt að félagar kunna vel að meta gullmerkjaafhendingar FÍR og er gríðarlega mikilvægt að viðhalda þeirri hefð sem hefur skapast. Viðurkenning fyrir félaga sem hafa verið tryggir félagar í yfir 25 ár er mikilvæg og það að félagið kunni að meta og viðurkenni mikilvægi félagsfólks skiptir öllu máli fyrir sterkt félag eins og Félag íslenskra rafvirkja.

1. maí kaffið

Það er orðinn fastur liður að félagsfólk mæti upp á Stórhöfða í kaffi eftir 1. maí-gönguna og hefur fjöldinn farið vaxandi ár frá ári. Þá sérstaklega eftir að félögin innan Fagfélaganna (2F) og Samiðnar ákváðu að halda sameiginlegt kaffi allra iðnfélaga og hefur það mælst vel fyrir. Gott er til þess að vita að félagsfólk geti komið í húsnæði sambandsins, þegið hressingu og rætt landsins gagn og nauðsynjar.

Hátt í 2000 manns mættu í 1. maí kaffi Fagfélaganna 2025.

Íslandsmót í rafvirkjun og Euroskills

Verkiðn heldur „Mín framtíð“, Íslandsmót í iðngreinum, annað hvert ár og sér einnig um heildarskipulag vegna þátttöku Íslands í Euroskills. Hver faggrein sér um skipulag og framkvæmd keppni í sinni grein.

FÍR hefur bæði séð um Íslandsmótið í rafvirkjun og skipulagningu vegna Euroskills.

Íslandsmót í rafvirkjun sem haldið var í Laugardalshöll í mars 2025 tókst mjög vel til og var almenn ánægja með keppnina, 11 keppendur tóku þátt og er það mat dómara að metnaður keppenda aukist með hverju árinu. Einnig er mikilvægt að sjá fagmennsku smitast út í skólana þar sem keppendur æfa sig fyrir Íslandsmót, flestallir skólar eru komnir með Íslandsmótsbása þar sem tilvonandi keppendur æfa sig.

Euroskills var haldið í Herning í Danmörku í september 2025. Tveir keppendur kepptu í rafvirkjun, annars vegar í Electrical installation (húsarafmagn) og hins vegar Industrial control (iðnaðarrafmagn). Einnig var sendur keppandi í rafeindavirkjun (Electronics prototyping). Árangurinn var frábær og sá besti heilt yfir í rafvirkjun frá því að Ísland byrjaði að keppa fyrir hart nær 20 árum. Niðurstaðan var brons í iðnaðarrafmagni og 5. sætið í húsarafmagni ásamt því að fá Medallion of excellence. Við erum gríðarlega stolt af öllum okkar keppendum og vonum að þetta séu fyrirheit til framtíðar. Einnig er mikilvægt að búa til framtíðarfyrirmyndir í greininni til þess að laða að ungt fólk að, nemakeppnir spila stórt hlutverk í því.

Jólaball RSÍ

Jólaballið var haldið í desember í Gullhömrum og er árlegur viðburður á vegum RSÍ. Mikil ánægja var með ballið meðal barna félagsfólks.

Viðburðir á vegum Rafiðnaðarsambandsins

Má finna í ársskýrslu RSÍ sem mun verða birt á næstunni.

Lífeyrismál

Lífeyrismál eru hluti af kjarnastarfsemi félagsins, og hefur FÍR komið sínum sjónarmiðum og félagsfólks til stjórnenda og stjórnarfólks í Birtu. Það hefur verið mat stjórnar FÍR að okkar áherslur hafi ekki skilað sér nógu vel inn í ákvarðanir sjóðsins. Má þar t.d. nefna fjárfestingu í PLAY ásamt öðrum málum sem stjórn FÍR telur ekki samræmast fjárfestingastefnu Birtu lífeyrissjóðs.

Það er ljóst að áhyggjur sumra um að sjóðurinn myndi fjarlægjast félögin þegar hann flutti burt frá Stórhöfða hafa raungerst. Opinber umræða framkvæmdastjóra Birtu hefur á engan hátt endurspeglað sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar og hefur stjórn áhyggjur af þeirri vegferð sem framkvæmdastjóri Birtu er á.

Orlofsmál

Ágrip og tölfræði má nálgast í ársskýrslu RSÍ.

Menntamál

Lesa má um Rafmennt í skýrslu Rafmenntar sem kemur út eftir páska.

Menntamál eru alltaf stórt málefni sem stjórn og trúnaðarráð FÍR standa að. Fulltrúar FÍR sitja í starfsgreinaráði rafiðna, Nemastofu atvinnulífsins, stjórn Rafmenntar ásamt því að sinna fagráðum framhaldsskóla.

Einnig hefur FÍR staðið vörð um lögverndun starfsgreina okkar og má segja að það sé eilífur slagur við ríkisstjórn hvers tíma. Við teljum að okkar vinna í þessum efnum hafi skilað því að minna er um að ómenntaðir vinni í rafmagni en í öðrum iðnaðarstéttum.

FÍR hefur einnig verið mjög virkt í öllu kynningarstarfi, hvort sem er fyrir grunnskóla eða framhaldsskóla eða viðburði á vegum atvinnulífsins.

Öryggisskóli iðnaðarins

Skólinn var stofnaður af Iðunni og Rafmennt árið 2024. Nú hefur hann leigt húsnæði af FÍR að Stórhöfða 27 til að taka næstu skref í átt að því að auka öryggi í okkar greinum.

Af heimasíðu skólans :

Skólinn varð til sem svar við alvarlegum áskorunum í byggingariðnaði, þar sem slys og dauðsföll hafa verið of tíð.

Báðar fræðslustofnanir hafa lengi lagt mikla áherslu á öryggismál og fræðslu tengda þeim. Með stofnun Öryggisskólans voru þessir kraftar sameinaðir í eitt öflugt verkefni sem hefur það markmið að efla öryggi, auka vitund og stuðla að betri starfsháttum á íslenskum vinnustöðum.

Í upphafi verður lögð sérstök áhersla á viðhorfsbreytingu í öryggismálum. Námið er ætlað bæði stjórnendum sveitarfélaga og fyrirtækja, verkstjórum og öðru starfsfólki sem kemur að verklegum framkvæmdum. Markmiðið er að skapa öruggari vinnustaði þar sem forvarnir og ábyrgð eru í fyrirrúmi.

Nemastofa atvinnulífsins

Formaður FÍR á sæti í stjórn Nemastofu atvinnulífsins, Nemastofa er mikilvægur vettvangur til þess að styðja við nema í okkar greinum og koma þeim í tengingu við fyrirtæki sem eru tilbúin að taka nema á samning.

Stjórnir Iðunnar fræðsluseturs og Rafmenntar stofnuðu Nemastofu atvinnulífsins þann 18. mars 2022. Árið 2025 var því þriðja heila starfsár félagsins í takt við tilgang og markmið félagsins voru verkefni ársins; að stuðla að fjölgun faglærðs fólks í atvinnulífi; að fjölga nemum og námstækifærum í iðn- og starfsnámi; að styðja fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám s.s. kynna notkun og skráningu í ferilbók; að bjóða iðnmeisturum og tilsjónarfólki þjálfun og kennslu á vinnustað og fleira.

Hlutverk Nemastofu er einnig að halda utan um tölfræði sem snýr að iðnmenntun. Og loks hefur nemastofa fengið meiri aðgang að tölfræði frá menntamálaráðuneytinu sem snýr að iðnmenntun. Slík tölfræði er gríðarlega mikilvæg til þess að við áttum okkur betur á stöðunni á hverjum tíma.

Sveinspróf

Nánari tölfræði og upplýsingar um sveinsprófin má finna í skýrslu Rafmenntar sem kemur út bráðlega.

Framhaldið

Spennandi tímar eru fram undan hjá FÍR þar sem við höldum upp á 100 ára afmæli félagsins. Einnig getum við fagnað því að félagið hefur vaxið verulega á síðustu árum og má það þakka því kynningarstarfi sem hefur átt sér stað síðustu árin, nám í rafvirkjun er nú mjög vinsælt og flestallar deildir rafvirkjanáms eru fullsetnar. Árið 2025 voru tæplega 1100 nemar að læra rafvirkjun og tæplega 300 kláruðu sveinspróf, sem er gríðarleg aukning frá því sem áður var.

Enn þá er þó eftirspurn eftir rafvirkjum og mun sú eftirspurn vera viðvarandi þar sem orkuskipti og tækniframfarir kalla ávallt á fleiri menntaða rafvirkja. Fagið er einnig að þróast og tekur breytingum hvert ár, mannleg samskipti og tölvuþekking verður alltaf mikilvægari partur af starfi rafvirkja.

Rafmagnið er framtíðin og rafvirkjar eru leiðarljós þeirrar framtíðar!

Stjórn FÍR Reykjavík 2025

Tölegar upplýsingar

Fjöldi félagsfólks FÍR eftir þjóðerni

Þjóðerni	**Fjöldi**
Íslendingar	3003
Pólverjar	79
Litháar	22
Rúmenar	14
Lettland	8
Úkraínu	6
Aðrir	34
Samtals	**3166**

Íslenskir ríkisborgarar: 3003

Erlendir ríkisborgarar: 163

Fjöldi félagsfólks FÍR eftir kyni

Kyn	**Fjöldi**
Karl	3032
Kona	106
Drengir yngri en 18 ára	27
Stúlka yngri en 18 ára	1

Fjöldi félagsfólks FÍR eftir bæjarfélagi

Póstn.	Bæjarfélag	Fjöldi
112	Reykjavík	243
220	Hafnarfjörður	187
200	Kópavogur	187
221	Hafnarfjörður	185
270	Mosfellsbær	164
300	Akranes	161
110	Reykjavík	159
109	Reykjavík	131
210	Garðabær	128
113	Reykjavík	124
108	Reykjavík	117
105	Reykjavík	116
203	Kópavogur	91
111	Reykjavík	82
201	Kópavogur	81
104	Reykjavík	70
101	Reykjavík	66
700	Egilsstaðir	57
260	Reykjanesbær	45
230	Reykjanesbær	42
800	Selfoss	38
900	Vestmannaeyjar	35
225	Garðabær (Álftanes)	35
550	Sauðárkrókur	31
107	Reykjavík	31
600	Akureyri	26
730	Reyðarfjörður	24
170	Seltjarnarnes	24
400	Ísafjörður	23
310	Borgarnes	23
	Önnur bæjarfélög	**413**

Fyrirtæki sem greiða hæstu félagsgjöld til FÍR

Sæti	Fyrirtæki	Fjöldi
1	Fæðingarorlofssjóður	180
2	Rafal ehf.	109
3	Rafholt ehf	102
4	Rarik ohf.	83
5	Rafmiðlun hf.	76
6	Tengill ehf.	60
7	Marel Iceland ehf.	58
8	Rafís ehf.	55
9	Atvinnuleysistryggingasjóður	53
10	Veitur ohf.	49
11	Securitas hf.	45
12	Míla hf.	40
13	Fagraf ehf	39
14	Ríkissjóður Íslands	39
15	Landsnet hf.	38
16	Fagkaup ehf.	33
17	Ljósið rafverktakar ehf.	33
18	Orkuvirki ehf.	33
19	AJraf ehf.	31
20	Gaflarar ehf.	29
21	Norðurál Grundartangi ehf.	29
22	Raflausnir rafverktakar ehf.	29
23	Alcoa Fjarðaál sf.	28
24	Fagtækni hf.	25
25	Íslenskir aðalverktakar hf.	25

FÍR